

Íbúafundur Árbæjar

Árbæjarskóli
16. janúar 2013, kl. 17.00

Ágætu íbúar Árbæjar og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á
íbúafund Árbæjar í Árbæjarskóla.

Á þessum fundi leggjum við áherslu á
hverfapottana svokölluðu – en svo
kallast skipting fjármagns milli hverfa
borgarinnar sem kosið er um í
rafrænum íbúakosningum.

Í fyrra var í fyrsta skipti farið í bindandi kosningu um hverfapottana og kosið um hugmyndir að verkefnum fyrir alls 300 milljónir undir yfirskriftinni **Betri hverfi**.

Í ár verður leikurinn endurtekinn og aftur veitt 300 milljónum í hverfapottana.

Á eftir ætla ég að renna yfir stöðu verkefnanna sem þið völduð í kosningunni í fyrra en fyrst langar mig til að fara almennt yfir helstu málefni hverfisins.

Þið vitið auðvitað manna best hvað er gott við hverfið ykkar. Árbærinn er gróið og fallegt hverfi í útjaðri borgarinnar – og helsta kennimerki hans er nándin við náttúruna. Í næsta nágrenni er Elliðaárdalurinn – perla í borgarlandinu til útivistar og íþróttaiðkunar.

Hér eru frábærar gönguleiðir og samkvæmt talnaspekingum hjá borginni mælast göngu- og hjólreiðastígar í hverfinu nú 33,5 km. Og þá erum við auðvitað ekki að telja með gangstéttar meðfram götum. Í hverfinu eru svo 64 bekkir og 93 ruslastampar 😊

Í Árbænum búa tæplega ellefu þúsund manns og hér er hærra hlutfall barna en gengur og gerist í Reykjavík.

Í hverfinu er einnig óvenju lágt hlutfall eldri borgara, 67 ára og eldri – eða um 8% íbúa – miðað við rúmlega 11% meðaltal í borginni allri.

Þjónustumiðstöð Árbæjar, Grafarholts og Úlfarsárdals – sem staðsett er í Hraunbæ 115 – sinnir þjónustu fyrir þetta hverfi.

Þar er meðal annars unnið að því að kortleggja brottfall ungmenna í hverfinu úr framhaldsskólum

Verkefnið er unnið í samstarfi við þrjá framhaldsskóla, alla grunnskóla hverfisins og frístundamiðstöðina Ársel.

Hér eru sjö leikskólar – með alls um 600 börnum – en faglegar áherslur í leikskólastarfinu eru margvíslegar. Þar skipar umhverfismennt, hreyfing og lífsleikni drjúgan sess.

Nú í haust var tekinn í notkun ný leikskólabygging í Norðlingaskóla sem tilheyrir Rauðhóli. Starfsemi Rauðhóls hefur þanist hratt út á undanförunum árum og er nú þrískipt, í tveimur nýjum

og glæsilegum byggingum og í
Björnslandi.

Síðastliðið sumar var „krókódíll“ settur
á leikskólalóð Árborgar. Krókódíllinn
var hluti af endurgerð
leikskólalóðarinnar og næsta sumar –
þegar leikskólinn fer í frí – hefst vinna
við seinni áfanga framkvæmdarinnar.

Hér eru fjórir grunnskólar og
Norðlingaskóli – sem er yngstur – telst
nú fullbúinn eftir margra ára
framkvæmdir. Enn er þó unnið að
frágangi skólalóðarinnar og er stefnt að
því að ljúka við hana næsta sumar.

Nýja skólalóðin við Norðlingaskóla er ein glæsilegasta skólalóð borgarinnar og hún mun nýtast bæði leikskóla- og grunnskólabörnum – en eitt það besta við skólastarfið í þessu hverfi er einmitt nálægð og faglegt flæði milli fyrstu skólastiganna.

Björnslundur er dæmi um það en hann er sameiginlegt vinnusvæði beggja skólastiga í útinámi.

Frístundamiðstöðin Ársel heldur utan um frístundastarf í hverfinu fyrir börn og unglinga. Frístundaheimili eru við grunnskólana fjóra og unglingastarf fer

fram í félagsmiðstöðvunum Holtinu í Norðlingaholti og Tíunni í Árbæ.

Hugmyndafræði frístundastarfsins byggir á barna- og unglingalýðræði og er mikil áhersla á samvinnu, reynslunám, félagsfærni, sjálfstyrkingu og samfélagslega virkni.

Áhugi fólks á umhverfisvernd er að aukast í Reykjavík og meðal markmiða okkar er að efla enn frekar umhverfisvitund. Í Árbænum eru 7 endurvinnslugámar og þessa dagana erum við að innleiða bláu tunnuna – sem er fyrir pappír.

Bláa tunnan nýtist einnig undir fernur, umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa og karton. Það má semsagt setja það sama í bláar tunnur og bláa grenndargáma.

Af framkvæmdum í Árbænum á næstunni er það að segja að gerð verður ný göngubrú yfir Breiðholtsbraut í samstarfi við Vegagerðina og mun hún tengja saman Norðlingaholt og Selás.

Á þessu ári er einnig stefnt að því að reisa nýja geymslubyggingu fyrir Árbæjarsafnið.

Þá verður áfram – eins og undanfarin ár – unnið við frágang og ræktun í Norðlingaholti.

Í fyrra var haldinn fundur um aðalskipulagið í þessu hverfi og mig langar rétt að segja ykkur frá helstu áherslum þess – hvað Árbæinn varðar.

Í nýja aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að öll þjónusta verði inni í hverfunum sjálfum. Við erum að tala um að fá kaupmanninn aftur í hverfið og skósmiðinn á hornið ☺

Í Árbænum er almennt um að ræða óverulegar breytingar frá gildandi aðalskipulagi.

Þó verður byggingum fjölgað töluvert á atvinnusvæðum í jaðri hverfisins, einkum í Hálsahverfi.

Í tillögum aðalskipulags er gert ráð fyrir þéttingu byggðar við Rafstöðvarveg, í jaðri Ártúnsholts og við Brekknaás. Einnig er gert ráð fyrir íbúðum á efri hæðum í þjónustukjörnum í hverfinu.

Þá er í nýja skipulaginu mun skýrari stefna um opin svæði, þar sem lögð verður áhersla á að vernda litlu grænu

svæðin og útivistarsvæðinu í
Elliðaárdal verða sett ákveðnari mörk.

Einnig er lagt til að helstu verslunar- og
þjónustulóðir hér í hverfinu verði festar
í sessi og mörkuð ákveðin stefna um
alla þjónustukjarna.

En þá ætla ég að víkja að máli
málanna – hverfapottunum – eða
verkefninu **Betri hverfi**.

Fyrirkomulagið var þannig að íbúar í
öllum hverfum sendu fyrst inn
hugmyndir á vefinn sem síðan var
kosið um í opinni rafrænni kosningu.

Kosningin var einstök að því leyti að í fyrsta sinn á Íslandi auðkenndu kjósendur sig með persónulegum veflykli.

Kjörsóknin var 8,1% og kosningin fór fram dagana 29. mars – 3.apríl.

Kosningin var bindandi og voru kjósendur á aldrinum 31–60 ára langvirkastir.

Meðal þeirra verkefna sem þið – íbúar í Árbæ – völduð og komust til framkvæmda voru áningarstaðir, bætt aðstaða fyrir gangandi, fleiri bekkir og bætt lýsing.

Óskir ykkar beindust þannig einkum að bættu umhverfi og útivistarmöguleikum og einnig var vatnsbrunnur og merkingar leikskóla á óskalistanum ykkar.

Búið er að:

- Setja bekkir og borð upp í Björnslandi og einnig var lagður þar stígur.
- Ruslastömpum var fjölgað.
- Aðstaða til útivistar í Elliðaárdal var bætt með áningastöðum.

- Sparkvellir í hverfinu voru lagfærðir, mörk voru endurbætt og tyrft þar sem þörf var á.
- Mannlíf á Árbæjartorgi var bætt með tímabundnu verkefni.
- Lýsing á göngustíg við Elliðaárvog meðfram Sævarhöfða var bætt með fjölgun ljósastaura.
- Aðbúnaður fyrir gangandi var bættur með uppsetningu á 6 bekkjum á völdum stöðum í hverfinu. Einnig var komið fyrir ruslastampi og hellulagt undir bekkjunum.
- Útivistaraðstaða var sett upp í grenndarskógi við Ártúnsskóla.

- Tré voru gróðursett milli Höfðabakka og Hraunbæjar.
- Leikskólarnir í hverfinu voru merktir betur.
- Gróðursett var í hljóðmanir við umferðaræðar í Norðlingaholti.
- Áningarstaður var gerður við Árbæjarlaug.
- Settar voru upp merkingar í Elliðaárdal.
- Áningarstaður í Elliðaárdal sunnan við Árbæjarskóla var útbúinn.
- Settur var upp vatnsbrunnur í Elliðaárdalnum við Árbæjarstífluna.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir – sem þið völduð í kosningunni – var um 27 milljónir króna.

Á þessu ári ætlum við aftur að kalla eftir hugmyndum ykkar vegna nýrra verkefna og kjósa á milli þeirra. Eins og ég sagði áðan setjum við sömu upphæð í verkefnið – 300 milljónir.

Sumum finnst 300 milljónir ekki miklir peningar í þessu samhengi en eftir því sem ég best veit er upphæðin sem við setjum í verkefnið sú hæsta sem kosið er um í sambærilegum kosningum í

heiminum – og er þá miðað við
höfðatölu.

Það komu hingað borgarfulltrúar frá
New York um daginn og þeir eru með
svipað verkefni í deiglunni.

Þeir sögðu okkur að í New York fengi
fólk bara að ráðstafa brotabroti af
þessari upphæð í kosningum.

Að lokum.

Ég trúi því að beint lýðræði sé
fram tíðin og íbúakosningin var svo
sannarlega stórt skref í þá átt.

Með því að kjósa um forgangsöröðun fjármuna getið þið haft áhrif á nærumhverfi ykkar og þjónustu borgarinnar.

Ég hvet ykkur öll til að koma með góðar og gagnlegar hugmyndir.

Látið rödd ykkar heyrast og setjið inn allar þær hugmyndir sem ykkur dettur í hug. Það er gríðarlega mikilvægt að þið takið þátt í þessu verkefni – sýnið ábyrgð og frumkvæði í ykkar hverfi. Þið þekkið hverfið ykkar. Þið vitið þetta allt saman og þið getið látið okkur vita.

Við viljum líka tryggja að hugmyndirnar ykkar verði framkvæmdar eins og þið sáuð þær fyrir ykkur.

Þess vegna viljum við bæta samráðið varðandi framkvæmdina á þeim.

Þá er líka mikilvægt að dýrari hugmyndir fái að fljóta með í kosningunum – þannig að í staðinn fyrir að kjósa mörg lítil verkefni getið þið einnig kosið um færri og dýrari verkefni.

Þó auðvitað innan þeirra marka sem hverfapotturinn setur.

En þá ætla ég ekki að hafa þetta lengra.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir að mæta á þennan fund og sýna það í verki að ykkur er umhugað um hverfið ykkar.

Takk fyrir.